

**3. gr.**

Til dvalarkostnaðar í merkingu 1. gr. teljast ekki reglubundnar greiðslur sem aðilar á Íslandi greiða aðlium sem hafa fasta búsetu erlendis svo sem lífeyrisgreiðslur, eftirlaun, framfærslueyrir með maka eða fyrrverandi maka, barnsmeðlög og aðrar slíkar greiðslur.

**4. gr.**

Gjaldeyrisbankarnir skulu annast innheimtu gjalds skv. 1. gr. um leið og sala gjaldeyris fer fram. Skal innheimtu gjaldsins haldið aðgreindu í bókhaldi á hverjum sölustað og samtala innheimtu reiknuð daglega. Vikulega skulu aðalbankar gjaldeyrisbankanna síðan skila inn á reikning ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands skatti þeim er innheimtur var í næstliðinni viku og bera þeir ábyrgð gagnvart ríkissjóði á innheimtu útibúa og umboðsskrifstofa sinna. Við hver skil á innheimtufé skal senda skilagrein til ríkisendurskoðunar.

**5. gr.**

Skili aðili aftur gjaldeyri sem sannanlega hefur verið greiddur skattur af við kaup skal skattur skv. 1. gr. endurgreiddur. Endurgreiðsla skv. þessari grein skal innt af bendi af þeim gjaldeyrisbanka er tekur við skilunum og skal bankinn draga endurgreidda skattfjárhæð frá innheimtum skatti við næstu skil til ríkissjóðs.

**6. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 17. gr. bráðabirgðalaga nr. 96 8. september 1978, öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ógreiddur dvalarkostnaður ferðaskrifstofa vegna ferða sem farnar voru fyrir gildistöku bráðabirgðarlaga nr. 96/1978 skal undanþegin skatti skv. 1. gr. enda sé uppgjóri og greiðslu á þessum kostnaði lokið fyrir 20. október. Á þann hluta dvalarkostnaðar sem þá kann að vera ógreiddur leggst gjald skv. 1. gr.

*Fjármálaráðuneytið, 15. september 1978.*

**Tómas Árnason.**

*Árni Kolbeinsson.*

28. ágúst 1978.

Nr. 323.

**G J A L D S K R Á****fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.****Fastagjald.****1. gr.**

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

**2. gr.**

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0.3% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði:	Minnst 45, en mest 90 kr./m <sup>3</sup>
Vöruheymslur:	Minnst 45, en mest 90 kr./m <sup>3</sup>
Aðrar byggingar:	Minnst 45, en mest 90 kr./m <sup>3</sup>

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 7 500 af skattskyldri fasteign.

Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið.

### Notkunargjald.

#### 3. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 70 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

### Vatn til skipa og báta.

#### 4. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 140.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 1 200 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 2 400 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfn fyrir en vatnið er greitt eða um greiðslu verið samið.

#### 5. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða fast árlegt vatnsgjald fyrir skip og báta, sem heimahöfn eiga í Vestmannaeyjum eða eru að staðaldri gerð þaðan út. Fellur há niður vatnsgjald skv. 4. gr.

#### 6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, eða þegar mælingu verður ekki við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

### Stofngjöld.

#### 7. gr.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

#### 8. gr.

Í stofngjald skal greiða 1% af fasteignamatsverði húss. Hafi endanlegt fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

#### 9. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal hús-eigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

#### 10. gr.

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

**11. gr.**

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs. Hins vegar mun Rafveita Vestmannaeyja annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

**12. gr.**

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings rafveittunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða kr. 15 000 í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

**13. gr.**

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

**Fiskiðnaður.****14. gr.**

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

**15. gr.**

Þegar rætt er um fasteignamat í gjaldskránni er átt við fasteignamat það, sem í gildi er þegar fasteignaskattur er lagður á.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 29. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 94 frá 1. febrúar 1978.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

**R E G L U G E R Ð****um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.****1. gr.**

Heiti stofnunarinnar er: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Til hennar er stofnað með lögum nr. 70 29. maí 1972. Hún er háskólastofnun innan vébanda Háskóla Íslands, en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra, en undir ríkisstjórnina um varðveislu og umsjón með handritum þeim og skjalagögnum sem til Íslands hafa verið og verða flutt frá Danmörku, sbr. 2. gr.

**2. gr.**

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) Að varðveita handrit þau og skjalagögn sem ríkisstjórn Íslands hefur veitt og veitir viðtöku samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á